

Friðlýsingarskilmálar



Minjastofnun
Íslands

Hús / mannvirki:	Austur-Meðalholt í Flóa, gamla bæjartorfan
Fasteignanúmer:	F 2318961 (matseiningar 020101, 030101, 040101 og 050101)
Landeignanúmer:	L 188172
Sveitarfélag:	8722 Flóaheppur
Eigendur húsa / mannvirkja:	Hannes Rúnar O. Lárusson (kt 260955-3309)
Landeigendur (lóð):	Hannes Rúnar O. Lárusson (kt 260955-3309)
Skráðir umráðendur sk. fasteignaskrá:	Hannes Rúnar O. Lárusson (kt 260955-3309)
Umfang friðlýsingar:	Friðlýsing mannvirkja að Austur-Meðalholtum í Flóa, auk nánasta umhverfis þeirra, sbr. 2. málsl. 1. mgr. 18. gr. laga um menningarminjar , tekur til bæjarhóls með uppistandandi bæjarhúsum og tóftum ásamt heimatúni sunnan bæjarhólsins og túngarði, þar sem hann sést, meðfram vestur-, austur- og suðurhliðum heimatúnsins. Innan túnsins eru tvær minjar, brunnur og rústir kartöflukofa. Mörk þess svæðis sem friðlýsing mannvirkja tekur til eru teiknuð inn á loftmynd sem fylgir með friðlýsingartillögunni ásamt hnitaskrá. Á bæjarhólnum eru baðstofa (030101) og smiðja (040101). Í norðausturhorni svæðisins eru fjárhúshlaða (20101) og hesthús (050101) sem einnig falla undir friðlýsinguna. Friðlýsing mannvirkja að Austur-Meðalholtum er undanskilin ákvæði 22. gr laga nr. 80/2012 um 100 metra friðhelgað svæði út frá ystu sýnilegu mörkum friðlýstra minja. Friðlýsing húsa tekur til ytra borðs.

Rökstuðningur friðlýsingar: Markmið friðlýsingar [bæjarhúsa](#) að Austur-Meðalholtum er að varðveita einstæða minjaheild og [nánasta umhverfi hennar](#). Friðlýsingin útilokar ekki almenna nýtingu ef hún fellur að anda friðlýsingarinnar og styrkir en ekki veikir yfirbragð heildarinnar og ásýnd. Ef upp kemur vilji til framkvæmda sem áhrif hafa á ásýnd svæðisins, t.d. leyfisskyldar framkvæmdir með jarðrask í för með sér, eru þær framkvæmdir háðar samþykki Minjastofnunar Íslands. Komi til slíkra framkvæmda gæti Minjastofnun gert kröfu um mótvægisáðgerðir.

Austur-Meðaholt er einn af örfáum uppistandandi torfbæjum á Íslandi, sem ásamt Keldum á Rangárvöllum er annar af tveimur torfbæjum á Suðurlandi sem varðveist hefur í heild sinni. Austur-

Meðalholt er jafnframt best varðveitta dæmið um byggingarstíl sem kallaður hefur verið "sunnlenski bærinn". Að Austur Meðalholtum eru nær öll hús bæjartorfunnar enn til staðar í allgóðu ástandi og að miklu leyti með upprunalegum innanstokksmunum. Í ljósi upprunaleika húsatorfunnar, sérstöðu í byggingarlagi, samhangandi sögu, góðrar umhirðu síðustu áratugi og aðlögunar að nánast óröskuðu nærumhverfi bæjarins er lagt til að bæjarhóllinn að Austur-Meðalholtum ásamt öllum húsum og mannvirkjum verði friðlýstur [sem ein minjaheild](#). Einnig er lagt til að heimatún sunnan bæjarhólsins, leifar túngarðs, fjárhúshlaða og hesthús við heimreið austan við bæinn ásamt brunni vestur af bæjahólnum verði friðlýst sem hluti af bæjartorfunni og heildarmynd bæjarins.

Byggingarsaga núverandi húsa er sem hér segir: Baðstofa var (endur)smíðuð 1895, á grunni eldri baðstofu svipaðri að stærð, undir stjórn Sigurðar Magnússonar (1869-1926) trésmíðs frá Baugstöðum. Stofuhús var byggt 1901/3 af Gísla Bynjólfsyni (1871-1961) þjóðhagasmíð frá Haugi. Önnur fyrirliggjandi hús; hlaða, fjárhúshlaða sem stendur við heimreiðina um 50 m. austan við bæjarhóllinn, fjárhús (sem voru sambyggð hlöðinni en eru ekki lengur til staðar, nema að hluta), hesthús, smíðja, hjallur, fjós (sem er í endurbyggingu). Af öðrum minjum má nefna sniddugarð (túngarð) sem byggður var af eða undir umsjón Jóns Magnússonar (1851-1921) bónda að Austur-Meðalholtum og Hannesar Jónssonar (1892 -1989) sem tók þar við búskap 1924. Hér er ógetið fjölda ónafngreindra einstaklinga sem [komu í](#) gegnum árin að smíði, veggjarhleðslu og viðhaldi ofangreindra húsa og umhverfi þeirra.

Öll hús sem byggð hafa verið á bæjarhólnum hafa ávallt verið torfhúsabyggingar. Í öllum hugsunarhætti, byggingaraðferðum og notkun byggingarefnis er Austur-Meðalholt skilgetið afkvæmi íslenskrar torfbæjarhefðar, búskaparháttar og bændamenningar. [Undantekning](#) er lítill 17 fermetra sumarbústaður á suðaustanverðum bæjarhólnum byggður af Kristínu Jónsdóttur, sem fædd var í baðstofunni í Austur-Meðalholtum og alin þar upp, og Árna Egilssyni trésmíð árið 1940. Þetta hús var ávallt kallað Nýtt hús og er eina nútímahúsið sem byggt var á hólnum. Það er jafnan talið vera órofa hluti af húsakosti bæjarins og hefur varðveislugildi sem slíkt.

Úr lögum nr. 80/2012 um menningarminjar:

Ráðherra ákveður friðlýsingu eða afnám friðlýsingar að fenginni tillögu Minjastofnunar Íslands.

Minjastofnun Íslands skal láta þinglýsa friðlýsingu sem kvöð á eign þeirri sem í hlut á.

Óheimilt er að gera nokkrar breytingar á friðlýstu húsi eða mannvirki án vitundar Minjastofnunar Íslands. Við endurbætur og viðhald friðlýstra húsa og mannvirkja skal leita álits og ef til þarf leyfis Minjastofnunar Íslands með minnst sex vikna fyrirvara.

Vilji eigandi friðlýstrar eignar ráðast í framkvæmd sem leyfi þarf til skal hann í umsókn sinni til Minjastofnunar Íslands lýsa fyrirhuguðum framkvæmdum og láta uppdrátt fylgja. Stofnunin skal svo fljótt sem við verður komið og í síðasta lagi innan fjögurra vikna frá því að umsókn berst gera eiganda grein fyrir afstöðu sinni. Setji stofnunin það skilyrði fyrir samþykki sínu að verk sé framkvæmt á tiltekinn annan hátt en tilgreindur er í umsókn er eiganda skylt að hlíta því.

Sæki eigandi um styrk úr húsafriðunarsjóði vegna aukakostnaðar sem hlýst af tilmælum stofnunarinnar skal hann njóta forgangs eftir því sem skyldur sjóðsins og fjárreiður leyfa.

Leyfi stofnunarinnar þarf til að setja skilti eða aðrar áletranir á friðlýst hús eða mannvirki.

Verði friðlýst hús eða mannvirki fyrir spjöllum af eldi eða öðrum ástæðum skal eigandi eða sá er afnot hefur af mannvirkinu gera Minjastofnun Íslands viðvart um það þegar í stað. Lætur stofnunin þá fara fram skoðunargerð og mat á spjöllum.

Ef breytingar hafa verið gerðar á friðlýstu húsi eða mannvirki án leyfis Minjastofnunar Íslands getur stofnunin mælt svo fyrir að eigandi skuli færa það í fyrra horf innan hæfilegs frests.

Ef viðhald friðlýsts húss eða mannvirkis er vanrækt getur Minjastofnun Íslands lagt fyrir eiganda að gera umbætur innan hæfilegs frests. Líði sá frestur án þess að úr sé bætt getur stofnunin látið framkvæma nauðsynlegt viðhald og umbætur á kostnað eiganda eða lagt á dagsektir, sbr. 55. gr.

Vilji eigandi friðlýsts húss eða mannvirkis rífa það eða flytja skal hann sækja um niðurfellingu friðlýsingar til Minjastofnunar Íslands áður en sótt er um byggingarleyfi hjá viðkomandi sveitarfélagi. Stofnunin skal svo fljótt sem við verður komið og í síðasta lagi innan fjögurra vikna frá því að umsókn berst senda ráðherra umsóknina með tillögum sínum um hvort umsókninni skuli hafnað, hún samþykkt eða að öðrum kosti hvort skilgreina skuli að nýju til hvaða þátta friðlýsing nær.

Ef byggingarfulltrúi sveitarfélags verður var við að friðað eða friðlýst hús eða mannvirki hafi orðið fyrir spjöllum eða að því sé ekki vel við haldið skal hann gera Minjastofnun Íslands viðvart án tafar.

Minjastofnun Íslands hefur rétt til að framkvæma eiganda að kostnaðarlausu hvers konar eftirlit með friðlýstu húsi og mannvirki og skoðanir sem gera þarf vegna ákvæða þessa kafla.

Heimilt er að lækka eða fella niður fasteignagjöld af friðlýstum fasteignum.